

Samningur

Háskólans á Akureyri (HA)
og
Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH)

Efnisyfirlit samnings:

- Inngangur
- Gildissvið samnings
- Markmið og hlutverk samningsaðila
- Stjórnun
- Skipulag og ábyrgð

A. Klínískt nám í hjúkrun.

B. Vettvangsnám í iðjubjálfun.

1. Inngangur

Aðilar samnings eru Háskólinn á Akureyri (HA), kt. 520687-1229 og Landspítali - háskólasjúkrahús (LSH), kt. 500300-2130. Gildistaka samningsins er háð samþykki háskólaráðs HA og framkvæmdastjórnar LSH. Samningi þessum fylgir yfirlit um skilgreiningar sem notaðar eru, sjá fylgiskjal 1.

Samningurinn gildir til fimm ára frá undirritun. Heimilt er að gera breytingar á honum á samningstímanum með samþykki samningsaðila.

2. Gildissvið samnings

Aðilar samningsins áforma að eiga samstarf um klíníska kennslu og leiðsögn nemenda er stunda nám við heilbrigðisdeild HA og um rannsóknir á heilbrigðissviði. Samningurinn myndar ramma um samskipti samningsaðila. Á grundvelli hans verða gerðir skuldbindandi samningar er varða starfsaðstöðu kennara og fjármál eftir því sem við á, auk þess sem verklagsreglur verða settar um einstaka þætti. Verði breytingar á stjórnskipulagi samningsaðila skulu ákvæði samningsins eiga við um nýja eða breytta skipan, nema sérstaklega sé um annað samið.

3. Markmið og hlutverk samningsaðila

Aðilar stefna að auknu samstarfi í rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði heilbrigðisvísinda.

Markmið samningsins er að veita nemendum í heilbrigðisdeild HA aðstöðu til klíníks náms/vettvangsnáms á LSH í samræmi við námskrár og stuðla að framgangi vísindarannsókna í þeim heilbrigðisvísindagreinum, sem falla undir samninginn. Í því skyni veitir LSH nemendum og starfsmönnum HA aðstöðu til klíníks náms/vettvangsnáms og rannsókna og er við það miðað að staða þeirra á sjúkrahúsinu verði, eftir því sem við á, hliðstæð við þá stöðu sem starfsmenn LSH njóta.

LSH mun leitast við að vera vettvangur kennslu nemenda HA í heilbrigðisvísindagreinum í samræmi við óskir HA þar að lútandi og eftir því sem kostur er hverju sinni sbr. fylgiskjöl 2 og 3. Starfsmenn LSH munu taka þátt í kennslu og leiðsögn nemenda HA meðan á námstíma á LSH stendur.

4. Stjórnun

Samningsaðilar fara hvor um sig með málefni sinnar stofnunar. Aðilar eru sammála um að semja nánar um fjárhagsleg samskipti.

Yfirstjórn:

Rektor HA hefur, í umboði háskólaráðs, yfirumsjón með framkvæmd samningsins af hálfu HA. Forstjóri LSH hefur, fyrir hönd framkvæmdastjórnar, yfirumsjón með framkvæmd samningsins af hálfu LSH. Verði ágreiningur um samstarfið skal fela háskólarektor og forstjóra LSH úrlausn hans.

Skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar (SKVP) á LSH og deildarforseti heilbrigðisdeildar HA fara með daglega stjórnarsýslu samningsins fyrir hönd samningsaðila.

5. Skipulag og ábyrgð

A. Klínískt nám í hjúkrunarfræði.

Sviðsstjóri kennslu- og fræðasviðs á LSH hefur umsjón með samstarfi vegna klíníks náms í hjúkrun f.h. LSH og verkefnastjóri klíníks náms í hjúkrunarfræði HA f.h. HA. Þeir bera hvor um sig ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf gagnvart skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar á LSH og brautarstjóra í hjúkrunarfræði og deildarforseta heilbrigðisdeildar við HA. Um fyrirkomulag samskipta er fjallað nánar í fylgiskjali 2.

B. Vettvangsnám í iðjuþjálfun.

Sviðsstjóri kennslu- og fræðasviðs LSH í samvinnu við sviðsstjóra endurhæfingar-sviðs LSH og forstöðuiðjuþjálfra geðsviðs á LSH hefur umsjón með samstarfi vegna vettvangsnáms í iðjuþjálfun fyrir hönd LSH, en umsjónarkennari vettvangsnáms í iðjuþjálfun f.h. HA. Þeir bera hvor um sig ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf gagnvart skrifstofu framkvæmdastjóra lækninga á LSH og brautarstjóra í iðjuþjálfun og deildarforseta heilbrigðisdeildar við HA. Samningsaðilar eru sammála um að efla framgang iðjuþjálfunar á þeim fagsviðum sem starfrækt eru á LSH. Um fyrirkomulag samskipta er fjallað nánar í fylgiskjali 3.

6. Staða nemenda

Nemendur heilbrigðisdeildar HA sem stunda nám á LSH samkvæmt samningi þessum hafa stöðu sem er að hluta til sambærileg við stöðu starfsmanna LSH meðan á námsdvöl stendur. Í því felst m.a. að:

- Við störf sín tengd námi njóta nemendur HA sömu tryggingaverndar og starfsmenn LSH, enda vinna þeir á ábyrgð starfsmanna LSH, sem leiðbeina þeim hverju sinni.
- Þeir hafa aðgang að mötuneytum LSH og fá afnot af vinnufatnaði.
- Þeir fá aðgang að bókasafni og upplýsingaþjónustu LSH í Eirbergi meðan á námi stendur.
- Þeir skulu bera auðkenniskort sem sýni greinilega að þeir eru nemendur
- Þeir skulu fara í heilbrigðiseftirlit og undirgangast bólusetningar og aðrar þær öryggisráðstafanir sem gilda um starfsmenn spítalans á hverjum tíma.

Áður en nám hefst á LSH afhenda verkefnastjóri klíníks náms í hjúkrunarfræði eða umsjónarkennari vettvangsnáms í iðjuþjálfun nemendum gátlista varðandi klínískt nám/vettvangsnám á LSH (sjá fylgiskjal 4) sem nemendur undirrita. Undirritað eintak skal varðveitt á skrifstofu heilbrigðisdeildar við HA.

7. Þagnarskylda

Aðgangur nemenda að gögnum spítalans fellur í öllum tilvikum undir reglur LSH um aðgangsheimildir og aðrar reglur, sem þar eru í gildi. Öllum þeim sem að klíníska náminu/vettvangsnáminu koma er óheimilt að viðlagðri ábyrgð að skýra óviðkomandi aðilum frá atriðum er þeir fá vitneskju um, í námi, starfi eða við kennslu á LSH, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum kennara/yfirmanna eða eðli máls.

Eftir því sem við á, sér verkefnastjóri klíníks náms í hjúkrunarfræði eða umsjónarkennari vettvangsnáms í iðjuþjálfun til þess að nemendur skrifu undir þagnar-eið áður en nám hefst á LSH (fylgiskjal 5). Þagnareiðurinn er í vörslu heilbrigðisdeildar HA og samrit á SKVP.

Akureyri, 7. júní 2006

Þorsteinn Gunnarsson
f.h. Háskólans á Akureyri

Magnús Pétursson
f.h.Landspítala - háskólasjúkrahúss

Skilgreiningar

Klínískt nám í hjúkrunarfræði er nám sem á sér stað meðal skjólstæðinga hjúkrunar undir leiðsögn starfandi hjúkrunarfræðings og er skipulagður hluti af tilteknu námskeiði í hjúkrunarfræði við HA.

Verkefnastjóri klíníks náms í hjúkrunarfræði er hjúkrunarfræðingur sem er starfsmaður HA og hefur yfirumsjón með klínísku námi í hjúkrunarfræði, svo sem að annast samskipti við námsstaði og niðurröðun nemenda í klínískt nám.

Umsjónarkennari er fastráðinn starfsmaður HA sem hefur yfirumsjón með ákveðnu námskeiði þar sem klínískt nám er hluti af námskeiðinu og hefur að öllu jöfnu fengið hæfidóm til kennslu í háskóla.

Klínískur leiðbeinandi er hjúkrunarfræðingur sem er starfsmaður LSH. Hann ber ábyrgð á móttöku nemenda HA í klínískt nám á LSH og skipulagningu á veru þeirra á deild á meðan á klínísku tímabili stendur.

Klínískur kennari er starfsmaður HA sem hefur yfirumsjón með ákveðnum nemendum í klínísku námi og vinnur í náinni samvinnu við umsjónarkennara námskeiðs ef klínískur leiðbeinandi er ekki sjálfur umsjónarkennari.

Vettvangsnám í iðjuþjálfun er skipulagður hluti af námi í iðjuþjálfun við HA sem fer fram meðal skjólstæðinga iðjuþjálfra og undir leiðsögn starfandi iðjuþjálfra.

Umsjónarkennari vettvangsnáms í iðjuþjálfun er fastráðinn kennari við HA og hefur yfirumsjón með öllu vettvangsnámi á iðjuþjálfunarbraut.

Kennari í vettvangsnámi er iðjuþjálfri sem er kennari við iðjuþjálfunarbraut HA og hefur að öllu jöfnu fengið hæfidóm til kennslu í háskóla.

Leiðbeinandi í vettvangsnámi er iðjuþjálfri sem er starfsmaður LSH.

Klínískt nám í hjúkrunarfræði – verklag

Áætlun og beiðni HA um þörf fyrir fjölda námspláss vegna klínísku náms, skiptingu nema á námsár og svið, ásamt upplýsingum um stundafjölda og námstímabil í klínísku námi skulu berast verkefnastjóra kennslu- og fræðasviðs í lok maí ár hvert vegna haustmíssis, en í lok september vegna vormíssis. Verkefnastjóri kennslu- og fræðasviðs svarar beiðni HA eigi síðar en 6 vikum eftir að beiðni berst og veitir HA upplýsingar um fjölda námspláss sem til reiðu eru og um nöfn og netföng viðkomandi deildarstjóra og klínískra leiðbeinenda.

Verkefnastjóri klínísku náms í hjúkrunarfræði HA sendir viðeigandi gögn sem tilheyrja klínísku tímabili til deildarstjóra og klínískra leiðbeinenda. Um er að ræða lýsingu á klínísku náminu, markmiðum þess og lýsingu á verkefnum sem nemendur skulu vinna meðan á klínísku námi stendur. Skal það gert a.m.k. tveimur vikum áður en klínískt tímabil hefst. Klínískur leiðbeinandi upplýsir annað starfsfólk viðkomandi deildar um markmið námstímabilsins og viðeigandi námstækifæri fyrir nemendur.

Umsjónarkennari hvers námskeiðs setur nemendum námsmarkmið áður en klínískt tímabil hefst.

Klínískur leiðbeinandi ber ábyrgð á skipulagi og samhæfingu námsdvalar nema á viðkomandi deild s.s. námstækifærum, niðurröðun nemenda á vaktir ásamt námsmati. Hann ber ábyrgð á því að nemandi hafi alltaf skráðan ábyrgan hjúkrunarfræðing sem hann fylgir á hverri vakt. Klínískur leiðbeinandi tekur þátt í klínískri kennslu og leiðbeinir nemendum við úrlausn viðfangsefna í samræmi við námslýsingu. Hann veitir nemendum ráðgjöf og stuðning og vinnur að því ásamt öðrum hjúkrunarfræðingum á deild að námstíminn nýtist nemendum sem best. Klínískur leiðbeinandi getur óskað eftir framlagi annarra hjúkrunarfræðinga á deildinni vegna klínískrar kennslu.

Klínískur leiðbeinandi er ábyrgur fyrir undirbúningi og framkvæmd mats á frammi-stöðu nemanda á miðju námstímabili þar sem það á við, ásamt lokamati. Eftir því sem kostur er taka klínískir leiðbeinendur þátt í upplýsingafundum tengdum klínísku námi og námskeiðum ætluðum þeim sem fara fram á vegum HA.

Klínískur kennari fylgir eftir að námsmarkmiðum sé framfylgt eftir því sem mögulegt er hverju sinni og veitir klínískum leiðbeinanda leiðsögn og stuðning.

Vettvangsnám í iðjuþjálfun – verklag

Um miðbik hvers skólamisseris leitar umsjónarkennari vettvangsnáms í iðjuþjálfun við HA til sviðstjóra endurhæfingarsviðs og forstöðuiðjuþjálfra geðssviðs á LSH um aðgang að vettvangsnámi á næsta skólamisseri á eftir. Sviðsstjóri endurhæfingarsviðs LSH og forstöðuiðjuþjálfri geðssviðs LSH leita þá til yfirmanna starfsstöðva iðjuþjálfra á LSH, sem tilgreina þann fjölda nemenda sem þeir telja sér fært að taka á móti á hverri starfsstöð og gera tillögur að leiðbeinendum í vettvangsnámi. Gert er ráð fyrir að á hverri starfsstöð séu 1-2 leiðbeinendur á hverjum tíma eftir umfangi starfsstöðvar.

Umsjónarkennari vettvangsnáms ber ábyrgð á námslýsingu og almennum námsmarkmiðum og viðfangsefnum fyrir hvert vettvangsnámstímabil. Hann er einnig ábyrgur fyrir því að upplýsa alla þá aðila er að vettvangsnámi koma (nemendur, leiðbeinendur og kennara) um hlutverk þeirra og skyldur. Leiðbeinandi í vettvangsnámi hefur yfirumsjón með dvöl nemanda á námsstað og ber meginábyrgð á þeirri faglegu leiðsögn sem nemandinn fær á staðnum. Hver leiðbeinandi er alla jafna ábyrgur fyrir aðeins einum nemanda innan sama vettvangstímabils. Leiðbeinandi skilgreinir sértæk námsmarkmið með nemanda, hefur við hann regluleg tengsl, veitir honum leiðsögn og ráðleggingar og metur frammistöðu hans á miðju vettvangstímabili og í lok þess. Leiðbeinandi getur falið öðrum starfsmönnum einstök verkefni sem tilheyra leiðsögn nemandans. Meginhlutverk kennara í vettvangsnámi er að veita leiðsögn um hvernig nemendur geta tengt fræði og starf á vettvangi. Kennari tekur þátt í gerð sértækra námsmarkmiða og frammistöðumatí með nemanda og leiðbeinanda og veitir bæði nemanda og leiðbeinanda ráðgjöf og stuðning meðan á vettvangsnámi stendur.

Fylgiskjal 4

Gátlisti vegna klíníks náms/vettvangsnáms nemenda Háskólans á Akureyri á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

Kæri nemandi.

Velkomin/n á Landspítala - háskólasjúkrahús. Markmið með þessum gátlista er að tryggja að nemendi HA hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar fyrir veruna á LSH..

- Þú hefur undirritað þagnarskyldu hjá heilbrigðisdeild. Við minnum á að hún er í fullu gildi.
- Þú færð „nema-auðkenniskort“ (þ.e. ef þú ert ekki með það nú þegar) á Eiríksgötu 5 (sími 543-1371). Kortið er með mynd og það gildir þar til þú útskrifast en þá ber þér að farga kortinu. Ætlast er til að allir nemar beri „nema-auðkenniskort“. Óheimilt er að nota kortið þegar nemendur eru ekki í verknámi.
- Ef þú hefur unnið á eða fengið meðferð á erlendum sjúkrastofnunum sl. sex mánuði þarft þú að láta leita að **MÓSA** (Meticillín ónæmur Staphylococcus aureus). Það er gert á göngudeildum á LSH við Hringbraut (543-2201) og í Fossvogi (543-2040).
- Ef þú telur þig þurfa að fá bólusetningar þá getur þú pantað tíma hjá starfsmannahjúkrunarfræðingi á ofantöldum göngudeildum.
- Ef þú hefur ekki farið í **berklapróf** síðan þú byrjaðir í náminu ráðleggjum við þér að gera það. Það er gert á lungna- og berklavarnardeildinni, Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg. Tímapantanir eru í síma 585-1390. Berklapróf eru þér að kostnaðarlausu.
- Skv. III. kafla laga um almannatryggingar, 24. gr. er nemandi sem stundar nám á LSH slysatryggður meðan á námi stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfu opinberra aðila, en hann er eindregið hvattur til þess að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Nemar í klínísku námi/vettvangsnámi njóta sömu tryggingaverndar að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum og starfsmenn spítalans, enda vinna þeir á ábyrgð kennara sinna á LSH.

Ef upp koma vandamál í klíníska náminu/vettvangsnáminu, skalt þú ekki hika við að leita til kennara, deildarstjóra eða leiðbeinanda á deildinni sem þú ert á eða umsjónarkennara námskeiðsins við skólann þinn.

Að lokum óskum við þér góðs gengis í námi á Landspítala - háskólasjúkrahúsi og vonumst til þess að sjá þig í framtíðinni.

Starfsfólk kennslu- og fræðasviðs.

Þagnarskylda



ÞAGNARSKYLDA

Ég undirrituð/undirritaður staðfesti hér með að mér er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem ég fæ vitneskju um í námi eða starfi á LSH, og leynt skulu fara samkvæmt lögum, samkvæmt fyrirmælum yfirmanna eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þótt ég láti af starfi, ljúki námi eða hætti.

Öll vitneskja um sjúklinga, sjúkdóma þeirra og meðferð er að sjálfsögðu háð þagnarskyldu.

Reykjavík,

.....
Undirskrift

.....
Undirskrift